

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hveragerðis.

I. RAFORKA.

Rafveita Hveragerðis selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1.1 Til almennrar lýsingar.	
Orkugjald	6,05 kr/kWh
1.2 Til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.	
Orkugjald	7,50 kr.
1.3 Til úti- og götulýsingar samkvæmt upps. aflí.	
Aflgjald	8 100,00 kr/kW/ár
Viðhaldsgjald	8 780,00 kr/kW/ár
Samtals	16 880,00 kr/kW/ár

2. Heimili o. fl.

2.1 Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum, vistheimilum, veitingahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum.	
Orkugjald	5,50 kr/kWh

3. Vélar o. fl.

3.1 Til vélanotkunar.	
Orkugjald	6,05 kr/kWh
3.2 Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafli 20 kW. Gjaldskyld afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.	
Orkugjald	1,90 kr/kWh
Aflgjald	5 750,00 kr/kWh/ár

4. Hitun.

4.1 Til húshitunar, roftími 1 klst. á dag.	
Orkugjald	2,74 kr/kWh
4.2 Til húshitunar, roftími 2 × 2½ klst. á dag.	
Orkugjald	1,05 kr/kWh
4.3 Til hitunar í iðnaði, roftími 1 klst. á dag.	
Orkugjald	3,96 kr/kWh
4.4 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 11 klst. að degi til.	
Orkugjald	1,22 kr/kWh
Um framangreinda hitagjaldskrárlíði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1 800 klst. notkun á hvert kW uppsetts afls hitunartækja.	

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflikaupum rafveitunnar.
- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.

- c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
- d. Að hitatæki, lagnir og búnaður séu samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir einfasa	kr. 442,00
Orkumælir þrífasa	kr. 1 042,00
Orkumælir þrífasa með straumspennum	kr. 1 782,00
Aflmælir	kr. 1 698,00
Aflmælir með straumspennum	kr. 2 697,00

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum, skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGAGJALD.

Heimtaugagjald fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Jarðstrengir kr/m	Loftlína kr/stólpa
1 × 63	27 600,00	898,00	7 360,00
3 × 63	29 920,00	898,00	12 760,00
3 × 100	47 410,00	1 375,00	16 060,00
3 × 200	93 830,00	2 277,00	
3 × 315	148 500,00	2 651,00	
3 × 400	190 300,00	Samkv. kostn.	
3 × 710	337 700,00		
3 × 1200	567 600,00		

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spennu eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina eða húsnaði rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um gerð húsnaðis eða stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr, skal greitt sem hér segir:

1 × 63 A.... kr. 6 094,00, 3 × 63 A.... kr. 8 250,00.

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald, samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 407,00.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 getur rafveitan krafist þess að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast 1. febrúar 1986 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 81 7. febrúar 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 24. janúar 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglum um smíði og búnað íslenskra skipa.

Hluti P

Reglur um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum.

1. gr.

Gr. 1.2. orðist svo: Reglurnar gilda um báta, sem hafin er smíði á eftir gildistöku reglnanna. Eldri bátar skulu uppfylla ákvæði um búnað, sem varar við eldi, við fyrstu aðalskoðun á vélbúnaði, sem gerð er á bátnum eftir 1. janúar 1987. Að öðru leyti skulu þeir fullnægja þeim reglum, sem í gildi voru fyrir 1. maí 1985, nema að samsvarandi ákvæðum þessara reglna sé fullnægt.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. 1. nr. 52/1970 um eftirlit með skipum staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 17. janúar 1986.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.